

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laganna verði framlengdur um eitt ár án breytinga. Að tillögu sjávarútvegsráðherra var sl. vor gerð sú breyting á lögum nr. 38/1998 að skipum sem stunduðu síldveiðar árin 1995, 1996 og 1997 eða skipum sem hafa komið í þeirra stað var heimilað að framselja aflahámark sitt án takmarkana. Tilgangur þessa ákvæðis átti að vera að tryggja betur en áður að úthlutaðar aflaheimildir í norsk-íslensku síldinni veiddust að fullu. Að sönnu hefur framsal aukist úr 11,6% á síðasta ári í 31,2% á þessu ári. Það tókst sem sagt að auka kvótabraskið við veiðar á norsk-íslensku síldinni. Önnur markmið með auknu framsali virðast ekki hafa náðst. Heildarveiðin var minni en árið á undan, sbr. að árið 1999 var úthlutað aflahámark 202.000 tonn en það ár varð heildarveiðin 203.493 tonn. Allur kvótinn var veiddur. Í ár var úthlutað 194.230 tonnum en aðeins 185.642 tonn veiddust eftir að kvótaframsalið var frjálst.

Árið 1999 var landað innan lands 203.493 tonnum, eða öllu sem veiðarnar gáfu, en árið 2000 var 165.399 tonnum landað hérlendis en 20.243 tonnum erlendis. Mest var saltað af norsk-íslensku síldinni árið 1998, alls 537 tonnum, 24 tonn fóru í söltun 1999 en ekkert árið 2000. Mest var sjófryst árið 1998, 1.797 tonn, en aðeins 138 tonn árið 2000. Þróun veiðanna sl. fjögur ár hefur verið sú að allt frá 1997 hefur veiðin í júní farið vaxandi en minnkað að sama skapi í maí, sbr. töflu.

	Maí	Júní
1997	184.719	25.522
1998	95.274	97.337
1999	55.691	147.802
2000	2.198	166.174

Þessi þróun síldveiðanna úr norsk-íslenska stofninum hefur að sjálfsögðu að hluta orðið vegna breytinga á göngum síldarinnar en einnig vegna þess að síldin fitnar þegar líður fram á sumarið og verður þar með afurðameira hráefni.

Júniveiðarnar jukust mest 1997–98 eða um 72.485 tonn og síðan aftur 1998–99, eða um 50.465 tonn, en minnst var aukningin eftir að frjálsta framsalið var leyft 1999–2000, eða um 17.372 tonn. Sýnilegur árangur af breytingunni er því enginn. Árið 2000 veiddust ekki tæp 9.000 tonn af kvótanum en aftur allur kvótinn árið 1999, með takmörkuðu framsali. Til erlendra fiskvinnslu var landað rúmlega 20.000 tonnum árið 2000 en engu 1999.

Þessar staðreyndir benda ekki til þess að atvinna og verðmætasköpun innan lands hafi aukist við breytinguna yfir í frjálst framsal aflamarks í norsk-íslensku síldveiðunum.

Sjávarútvegsráðherra lýsti því yfir við breytingu á lögnum að „markmiðið væri að ná öllum kvótanum“. Það hefur ekki tekist eins og staðreyndir málsins sanna. Lagabreytingin var

Því óþörf og einu rökin sem eftir standa nú eru að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða standur yfir.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykktur álitum þessu.

Alþingi, 6. des. 2000.

Guðjón A. Kristjánsson.